



Reykjavík 13. apríl 2026

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um innviðafélag.

Frumvarp til laga um innviðarfélag, mál 535, gekk til fjárlaganefndar 19. mars 2026 eftir að hafa verið lagt fram á Alþingi. Með frumvarpinu er ætlað að stofna sérstakt innviðafélag sem sér um fjármögnun stærri samgönguframkvæmda, svo sem vegna jarðganga og sambærilegra flyti-framkvæmda. Við gerð frumvarpsins var horft til reynslu frá Danmörku og Noregi. Tilgangur innviðafélagsins verður að hrinda í framkvæmd uppbyggingu stórra þjóðhagslega mikilvægra samgönguverkefna og tryggja fjármögnun og hraðari framvindu slíkra framkvæmda. Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa farið yfir frumvarpið og vilja koma með eftirfarandi athugasemdir.

Mikilvægt að ráðast í innviðauppbyggingu

SAF taka undir þau markmið að hraða þurfi uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra samgönguverkefna og tryggja fjármögnun þeirra. Þá er mikilvægt að umgjörð um stjórnarhætti félagsins, gjalddöku og innheimtu sé skýr, fyrirsjáanleg og sanngjörn gagnvart notendum og atvinnulífi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að félagið fari með eignarhald, fjármögnun, uppbyggingu, viðhald og rekstur samgöngumannvirkja og innheimti gjöld vegna notkunar þeirra.

Samtökin setja spurningamerki við þá gjalddöku sem boðuð er og er hrein viðbót við fjölda annarra gjalda sem stjórnvöld leggja á einstaklinga og atvinnulíf til að greiða fyrir innviðauppbyggingu. Á undanförunum árum hafa bifreiðagjöld hækkað verulega, álögðum veiðigjöldum var ætlað að standa straum að uppbyggingu vega og vörugjöld á bifreiðar voru hækkuð til að mæta þeirri innviðaskuld sem hefur byggst upp. Þá var KM gjald samræmt til að tryggja að tekjur til uppbyggingar samgönguinnviða. Nú er verið að setja veggjöld og búið að boða flýtigjöld. Samtökin telja að rétt sé að slá af annarri skattheimtu hvað varðar notkun og eign á ökutækjum í ljósi þess að verið er að taka upp umrædd gjöld.

Stórnotendur fái fulltrúa í stjórn innviðafélags

Í 5. gr. frumvarpsins er fjallað um stjórn félagsins. Samtökunum finnst sérstakt að ekki sé ákveðið hver nákvæm tala stjórnarmanna skuli vera og að ekki komi fram í lagagreininni sjálfri hver tilefni stjórnarmenn. Þá eru ekki gerðar neinar kröfur um reynslu eða þekkingu í lögnum til þeirra sem eiga sæti í stjórninni.

Þegar sett er á fót sérstakt opinbert félag í lögum með svo víðtækt hlutverk er eðlilegt að sérlögin mæli skýrar til um skipan stjórnar en nú er gert í frumvarpinu. Frumvarpið nú er mjög fátæklegt hvað þetta varðar. Þá telja samtökin eðlilegt að einn stjórnarmanna sé tilnefndur af atvinnulífinu til að tryggja hagsmuni stórnotenda og sjónarmið þeirra fá að heyrast innan stjórnarinnar enda hefur það sýnt sig að þegar kemur að innheimtu á gjöldum vegna vegaf framkvæmda og umferðar þá hefur vantað uppá undirbúning og ákvörðunartöku hvað innheimtu varðar.

SAF leggja því til að 5. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við ofangreindar athugasemdir.

Ökutækjaleigur gerðar ábyrgar fyrir broti notenda

Í 7. gr. er mælt fyrir um að eigandi ökutækis, eða skráður umráðamaður ef um kaupleigu er að ræða, beri ábyrgð á greiðslu veggjalda, að gjöldin séu aðfararhæf án undangengins dóms eða sáttar og að skráður eigandi, meðeigandi og umráðamaður beri óskipta ábyrgð á greiðslu veggjalds ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði.

Slík gjaldtaka byggist í eðli sínu á því að ökumaður bifreiða sem notar samgöngumannvirkið sé jafnframt eigandi bifreiðarinnar eða umráðamaður þess ef um kaupleigu er að ræða. Í tilvikum ökutækjaleiga er því ekki til að dreifa. Ökutæki í útleigu til skemmri tíma, er ekki ekið af eigandi þess.

Reynsla ökutækjaleiga á því að vera innheimtuaðili fyrir ríkissjóð hvað varðar úrvinnslu og áframinnheimtu ýmissa gjalda og álags af leigutökum hefur reynst afar vinnuafslafrek og afföll umtalsverð. Við slíkt fyrirkomulag hefur innheimtukostnaður og innheimtuáhætta í reynd færst frá rekstraraðila samgöngumannvirkis yfir á ökutækjaleigur. Auk þess eru skilmálar kortafyrirtækja skýrir um að heimila ekki færslur án undirskriftar eða lykilorðs.

Samtökin gera alvarlegar athugasemdir við 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins og gera kröfur um að henni verði breytt. Með henni er verið að leggja ábyrgð til greiðslu kostnaðar á aðila sem er ekki í öllum tilvikum raunverulegur notandi.

Ákvæði frumvarpsins fer gegn dómi Hæstaréttar

SAF leggja til að 7. gr. verði endurskoðuð þannig að frumábyrgð á greiðslu veggjalda hvíli á raunverulegum notanda eða þeim sem skráir sig fyrir notkun samgöngumannvirkisins. Þannig að ökumaður bifreiðarinnar sé sá sem ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins en ekki eigandi bifreiðarinnar. Núverandi frumvarp stenst ekki núverandi réttarframkvæmd sem var staðfest í dómi Hæstaréttar [í máli nr. 7/2024](#). Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu:

- Að leigjandi ökutækisins sjálfs hafi lagt í bílastæðið og að hann hafi gengist undir skuldbindingu samkvæmt rekstraraðila bílastæða um að greiða fyrir notkun á bílastæðinu en ekki ökutækjaleigan. Þar með hafi komist á samningur milli leigjanda ökutækisins og rekstraraðila bílastæðisins.
- Ekkert í skilmálum ökutækjaleignanna skuldbindur þær til þess að greiða fyrir fyrrgreint bílastæði.

SAF leggja til að 7. gr. frumvarpsins verði breytt svo ákvæðið stangist ekki á við núverandi réttarframkvæmd og nógildandi lög og meginreglur kröfu- og samningaréttar enda er ökutækjaleigan ekki að gagnast í samningssamband við eiganda samgöngumannvirkisins. Ábyrgð á vangreiðslu fyrir notkun á samgöngumannvirkjum á ekki að lenda á ökutækjaleigum heldur á raunverulegum notendum þess.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst
F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Gunnar Valur Sveinsson, verkefnastjóri